

Alþingi

Erindi nr. Þ 12012412

komudagur 17 1996

kt. 480580 0289



MEDFERÐARSTÖÐ RÍKISINS FYRIR UNGLINGA

Skrifstofa - Sudurgötu 22 - 101 Reykjavík - Sími 552 8055 - Bréfsími 552 8155 - Netfang mru@itn.is

Reykjavík, 27. júní 1996

Nefndadeild Alþingis,
b.t. allsherjarnefndar,
Þórshamri v/Templarasund
150 REYKJAVÍK

Efni: Umsögn um frumvörp til laga um lögræðislög, 456. og 457. mál.

Umsögn er samhljóða fyrir bæði þessi erindi.

Að mati MRU er tímabært að hækka sjálfræðisaldurinn úr 16 í 18 ár. Rök fyrir þeirri hækkun koma fram í greinargerðum frumvarpanna beggja og tekur stofnunin undir þau.

Að okkar mati er afar mikilvægt að sú réttarstaða sem sjálfræðið felur í sér sé skýr og ótvíræð, og þá ekki síður og skyldur forsjáaraðila þess sem ekki hefur náð sjálfræðisaldri. Mismunandi þroski og ólíkir hagir barna eiga ekki að hafa áhrif á hina formlegu skilgreiningu sjálfræðis eða mörk sjálfræðisaldurs, sem verður að vera hið sama fyrir alla, líkt og aðrar aldursbundnar breytingar á réttarstöðu, svo sem kosningaréttur og kjörgengi.

Það er mikilvægt fyrir skipulag allrar samfélagsþjónustu, svo og hlutverk foreldra og samskipti foreldra og barna þeirra sem nálgast sjálfræðisaldur, að ekki leiki nokkur vafi á því hvaða skyldur fylgja foreldravaldinu og hver réttindi barnsins eru. Það ætti að okkar mati að skýra nánar í annarri löggjöf, en í sjálfræðislögum, s.s. í barnalögum, þar sem kveðið er á um rétt barna til þess að hafa áhrif á eða ráða einhverju um sína persónulegu hagi, eftir því serm aldur og þroski hvers segir til um.

Virðingarfyllst,

Áskell Örn Káráson
forstöðumaður